

Stjórnarfundur Íslenska safnaðarins í Noregi

Formaður setur fundinn og prestur fer með bæn

Dagskrá og fundargerð 07.01.2018 kl. 17:00	
Fundarritari	Jónína M Arnórsdóttir og Björn Hallbeck
Mættir	Björn Hallbeck (BH), Jónína Arnórsdóttir (JA), Guðbjörn Árnadóttir GÁ), Guðrún Svansdóttir (GS), sr Lilja Þorsteinsdóttir (LP) og sr Ragnheiður Pétursdóttir (RP)
	Staða fundargerða
	Upplýsingar: -Þrjár fundargerðir ekki tilbúnar til samþykktar. Frestur til að skila þeim inn er næsti fundur stjórnar.
	Samþykkt: -Ákveðið að fara yfir í staðlað form sem JA útvegar. BH og JA vinna saman um fundargerðir. Setja inn tímamörk og ábyrgðarmann þar sem við á. JA óskar eftir betri stjórn á fundum.
	Staða hjá fylkismanni / Consort
	Upplýsingar: Ca 85% jákvæð svörun. Meðlimir skráðra um áramótin eru komin yfir 3000 manns. Áframhald með sms og Evry (BH og RP).
	Samþykkt: -RP talar við Axel um mögulegt misræmi við sendan lista. -Sækja um í ár á sama hátt og í 2017.
	Safnaðarstarf-fermingarstarf
	Upplýsingar: -Fermingarfræðsla gengur samkvæmt áætlun. Áætlað er að fara aftur með fermingarbörnin í hvelgardvöl og þarf að upplýsa um dagsetningu til foreldra, staður og verð fyrir hitting er í athugun; BH athugar Aarholt og Knattholmen, LP athugar Lillomarkskapell og RP athugar Håkonkapell. Allt að 40 manns með ungliðum og starfsfólki. -Nordberg kirkja pöntuð fram til og með 17. júní (RP), LP hefur pantað kirkjur í Þrándheimi, Tromsø, Stavanger og Bergen fram á sumar.

	<p>- Gróa tekur við Ískórnum af Gísla og í athugun er hvort hún taki einnig afleysingu fyrir organistann, Ole Johannes, sem er í leyfi en það veltur á hvað afleysingaorganisti Nordberg kirke vill gera.</p>
	<p>Samþykkt: -Helgarnámskeið fermingarbarna þegar fundinn hefur verið staðsetning.</p>
	<p>Fjármál</p> <p>Upplýsingar: -Fjármál. Tekjur safnaðarins 2017 voru um 1.300.000, þar af um 464.000 komu frá 2016. NB ekki er allt komið inn fyrir 2017! -Launakostnaður er yfir áætlun um 300.000 -Söfnuðurinn hefur sparað um 300.000 í almennan rekstrarkostnað, en Consort hefur kostað ca 200.000. Ekki eru allir reikningar komnir frá Consort. Reikningar frá Consort greiðast af sparireikningi (sem fjárfesting), og færast því þær upphæðir yfir á rekstrarreikning þegar allir reikningar þaðan eru komnir. - Í raun búið að spara 200.000. Annar rekstrarkostnaður (1.788.000) er 300.000 undir fjárhagsáætlun. -Bókari safnaðarins sér mikinn mun á rekstrarkostnaði. Söfnuðurinn þarf áfram að spara og hafa aðhald. - Tekjur fyrir 2018 verða ca 3.000.000, eigum ca 1.600.000 á rekstrarreikningi. -GÁ bendir á samþykktir að allt að 100 tímar á ári verði greiddir fyrir sína vinnu.</p> <p>Samþykkt: -JA og GS eru tilbúnar til að aðstoða við helgihald, samkomur, kaffi o.þ.h. þegar aðrir geta alls ekki. Greitt fyrir það ef þær óska eftir því. -Ákveðið að ræða betur á fundi í febrúar með greiðslu til gjaldkera og formanns.</p>
	<p>Starfsmannamál</p> <p>Upplýsingar: Undanþegið opinberri birtingu.</p> <p>Samþykkt:</p>
	<p>Önnur mál</p> <p>a)Aðalfundur: -RP telur að mikivægt að fenginn verði fundarstjóri á aðalfund frá biskupstofu eins og oft áður.</p>

- JA bendir á að ársskýrslu þarf að vinna vel og vanda hana.
-Kjósa þarf einn nýjan inn í aðalstjórn á aðalfundi.
-RP athugar reglur um hvort fólk sem gefur kost á sér til setu í stjórn verði að vera til staðar á aðalfundi, og um tímamörk hvenær fólk getur gefið kost á sér fyrir aðalfund.
- b)RP talar við Listanefnd í febrúar varðandi skipulagningu og framkvæmdar jólaballs í Osló m.a. vegna fjarveru þeirra og framkvæmdarleysi. Mest af vinnunni tóku JA og GS að sér.
- c)Stefnt að því að bjóða Íslendingafélögunum í Noregi fljótlega aftur kaffiveitingasamning eftir messur, og að allir fái eitthvert grunngjald til viðbótar við hvern "fullorðins kaffibolla". Fara fjárhagslega mjög varlega í að gera nýja samninga við Íslendingafélögin, en að reyna að koma til móts við þá aðila sem söfnuðurinn varð að neita um peninga eða endursemjna við.
- d)Það þarf að búa til verðskrá fyrir alla (leikmenn og sérmenntað tónlistarfólk), RP og Hjörleifur tala saman um það til að koma í veg fyrir misræmi á fundi í febrúar.
- e)Ákveðið að hætta með "mottuleigu" í Ólafíustofu til að spara peninga.
- f)GS tekur að sér hreingerningu í Ólafíustofu, í fyrstu 6 klst á viku, en þarf að mæla út vinnuna betur, kemur tvisvar í viku. Útbúa starfssamning fyrir hana. Safnaðarstjórn verður yfirmaður.
- g)LP lýsir eftir eignarskrá safnaðarins. Þarf að liggja frammi. GS leggur til að útveguð verði "Lánabók" þar sem fólk geti skrá það sem það fær lánað. RP vill ekki að "prestaklæði" séu skráð, eingöngu "messuklæði".
- h)Athuga með að setja bjöllu á útidyrhurð í Ólafíustofu, og jafnvel skilti með td "opið/lokað".
- i)JA spyr hvort RP sé búin að spyrja sænsku og finnsku kirkjuna og lögfræðinginn um hvernig þeir bregðist við nýju persónuverndarlögunum sem taka gildi 25. maí 2018. Telur mikilvægt að gera það fyrr en seinna og eins hvort að við getum notað sambærilega lausn og hinar kirkjurnar ef þær eru komnar með einhverjar. RP ætlar að tala við þá um þetta.

Fundi slitið kl 21:00